

**2. flokkur kvenna****Ákvæði til bráðabirgða 2017:**

Heimilt er að hafa þrjú eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1995, 1996 og 1997) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

Mótanefnd leggur til að ofangreint ákvæði verði framlengt um eitt ár og verði svohljóðandi:

**2. flokkur kvenna****Ákvæði til bráðabirgða 2018:**

Heimilt er að hafa þrjú eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1996, 1997 og 1998) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

**4. flokkur kvenna**

**35.1.1.** Keppnin skal vera svæðakeppni og skal landinu skipt í svæði:

Suðurland, Vesturland og Vestfirðir (A og B riðill),

Norðurland (E riðill) og

Austurland (F riðill).

Keppnin er stigakeppni.

**35.1.2.** Þau tvö lið sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu liðin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli.

**Tillaga að breytingu:**

**35.1.1.** Keppnin skal vera svæðakeppni og skal landinu skipt í svæði:

Suðurland, Vesturland og Vestfirðir (A, B og **C riðill**),

Norðurland (E riðill),

Austurland (F riðill).

Keppnin er stigakeppni.

**35.1.2.** Þau tvö lið sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu liðin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli. **Þau tvö lið sem verða neðst í B riðli falla næsta keppnisár niður í C riðil en tvö efstu liðin í C riðli taka sæti þeirra í B riðli.**

**4. flokkur karla**

27.1.8. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og skal skipa liðum í tvo riðla sem hér segir:

Riðill 1: A1, A3, B2 og C1.

Riðill 2: A2, B1, E1 og F1.

Ef F1 tekur ekki þátt í úrslitakeppni kemur A4 eða E2 í stað þess.

**Tillaga að breytingu:**

27.1.8. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og skal skipa liðum í tvo riðla sem hér segir:

Riðill 1: A1, A3, B2 og C1.

Riðill 2: A2, B1, E1 og F1.

Ef F1 tekur ekki þátt í úrslitakeppni kemur A4 **eða E2** í stað þess.